

30. júní 1986

597

Nr. 315

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um samvinnu og starfsskiptingu milli
lögreglustjóra og rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 253 29. júní 1977.

1. gr.

2. gr. breytist þannig:

a. Við 3. málsg. bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

9. a. Brot á lögum og reglum um ávana- og fíkniefni og á 173. gr. a almennra hegningarlaga.

b. Á eftir 3. málsg. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Deildir þessar skulu og veita aðstoð við sjópróf sem haldin eru samkvæmt siglingalögum. Tilkynna skal rannsóknarlögreglu ríkisins um aðstoðarbeiðni, ef um er að ræða aðstoð vegna máls er fellur í hlut hennar, og fer þá um mál samkvæmt 4. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 9. gr. laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108 28. desember 1976, öðlast gildi 1. júlí 1986.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. júní 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

30. júní 1986

Nr. 316

REGLUGERÐ

um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi, sem innheimt er skv. reglugerð nr. 259/1985
skv. lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu
á búvörum, vegna afurða svína og alifugla.

1. gr.

Endurgreiða skal framleiðendum á afurðum svína og alifulga hluta sérstaks fóðurgjalds, sem álagt er við tollafgreiðslu á innflutt fóður, sbr. reglugerð nr. 259 frá 1. júlí 1985. Endurgreiðslan skal vera 75% hlutar af álögðu sérstöku fóðurgjaldi, sbr. 6. gr. Af hinu álagða sérstaka fóðurgjaldi renna sem næst 5% hlutar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins að frádregnum kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd endurgreiðslanna, sem landbúnaðarráðherra samþykkir.

2. gr.

Endurgreiðsla hins sérstaka fóðurgjalds skv. reglugerð þessari skal eingöngu vera vegna framleiðslu á afurðum alifugla og svína frá og með 1. júlí 1985.

B 56